

Nr. 049 / 14 Jón Vídalín VE 82***Skipverji slasast á hendi í lest***

Skipaskr.nr. 1275
IMO 7300722
Smíðaður: Muroran Japan 1972, stál
Stærð: 548,4 brl. 808,8 bt.
Mesta lengd: 55,82 m Skráð lengd: 51,45 m
Breidd: 9,5 m Dýpt: 6,5 m
Vél: Niigata 1691kW, 1986
Fjöldi skipverja: 13



Jón Vídalín ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. febrúar 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 8. febrúar 2014 var Jón Vídalín VE 82 á togveiðum á SV miðum. Veður: NA 5 m/s.

Skipverjar voru að undirbúa lestina til að taka við afla úr fyrsta hal túrsins. Tveir þeirra ætluðu að koma lausu færíbandi í festingar á aðalfæríbandi lestarinnar. Þeir voru við sitt hvorn enda bandsins þegar fingur annars varð undir því í einni færslunni. Skipstjóri ákvað að sigla var með slasaða til Grindavíkur og koma honum undir læknishendur.

Við rannsókn kom fram:

- að aðallembarbandið er fest í loft lestarinnar og flytur það fiskinn að lausa færíbandinu (diskóband) sem er inn- og útdraganlegt og hægt að snúa því um lestina þar sem setja skal niður aflann. Skipverjar áætluðu að lausa bandið væri allt að eitt hundrað kg að þyngd og var tveggja manna tak að lyfta því upp í festingar á aðalfæríbandinu sem fest er í lestarloftið;
- að slasaði sagði að þeir hafi verið að kasta til bandinu ofan á karastæðunni svo hægt væri að hengja það á lestarbandið. Hann hafi ekki verið viðbúinn að sleppa þegar hinn sleppti;
- að hinn skipverjinn sagði að þeir hafi verið að færa bandið til svo koma mætti því undir lestarbandið. Hann hafi lyft sínum enda og ýtt því til þegar fingur slasaða varð á milli bandsins og karbrúnar;
- að skipverjarnir krupu við þetta ofan í körum í efstu karastæðu.

Nefndarálit:

Orsök slyssins er sú að skipverjarnir voru ekki samtaka við að færa færíbandið.